

**Framvinda landnáms laxa ofan  
Lambafoss í Flókadalsá**

**Sigurður Már Einarsson**

**Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild VMST-V/99014X.**

Unnið fyrir landeigendafélag Flókadalsár og Engjadalsár

X: Tilvitnun í skýrslu óheimil nema með leyfi höfundar

## Efnisyfirlit

	Bls
1. Inngangur	1
2. Aðferðir	1
2.1. Talningar á laxgengd	1
2.2. Seiðarannsóknir	2
2.3. Skoðun á búsvæðum	3
3. Niðurstöður	3
3.1. Talning á laxgengd árið 1999	3
3.2. Búsvæði ofan Lambafoss	4
3.3. Seiðarannsóknir	5
3.3.1. Útbreiðsla	5
3.3.2. Vísitala seiðapéttleika	6
3.3.3. Vöxtur og lífþyngd	6
4. Umræður	8
5. Heimildaskrá	9
Viðauki 1	11
Tafla 1 -III	5-7
Myndir 1-3	2-7

## 1. Inngangur

Á undanförunum árum hefur lax verið að nema land í Flókadalsá ofan Lambafoss (Sigurður Már Einarsson 1998). Í kjölfar fiskvegagerðar í Stekkjarfossi árið 1988, var fiskvegur sprengdur í Lambafossinn árið 1989. Fyrstu árin eftir þá aðgerð var þó fiskvegurinn talinn ófær laxi (Sigurður Már Einarsson 1992). Vatnsrennsli var þá minnkað um fiskveginn með því að sprengja rás að sunnanverðu og virðist sú aðgerð hafa heppnast því árið 1995 veiddust í fyrsta skipti laxar ofan Lambafoss (Sigurður Már Einarsson 1995). Síðan þá hafa laxar náð að ganga upp fyrir foss á hverju ári (Sigurður Már Einarsson 1998). Laxateljara var komið fyrir í ánni ofan Lambafoss árið 1998 og gengu þá nokkrir laxar um teljarann (Sigurður Már Einarsson 1998).

Með fiskvegagerð í Lambafossi opnaðist mjög víðáttumikið búsvæði bæði í Flókadalsá og Engjadalsá. Þau svæði sem þegar hafa verið athuguð eru talin vera hagstæð til hrygningar og seiðauppeldis (Þórir Dan Jónsson 1982, Sigurður Már Einarsson 1995). Búsvæðin ofan Lambafoss voru áður nýtt um árabíl með sleppingum á sumaröldum laxaseiðum og einnig var lifandi lax fluttur upp á svæðið til hrygningar. Eftir að staðfest var að lax hefði náð að ganga upp fyrir Lambafoss hafa engar seiðasleppingar eða flutningur á lifandi laxi átt sér stað. Frá árinu 1996 hefur lax náð að hrygna árlega ofan Lambafoss, en framleiðslugeta búsvæðanna virðist þó enn vannýtt (Sigurður Már Einarsson 1997 og 1998). Þá er ekki vitað um efri mörk útbreiðslusvæðisins ofan Lambafoss.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir rannsóknum á árinu 1999. Helstu markmið rannsókna voru að kortleggja nánar útbreiðslu og seiðamagn ofan Lambafoss, halda áfram talningum á lax upp á svæðið og framkvæma úttekt á fiskveginum í Lambafossi. Einnig voru búsvæði í Engjadalsá og Flókadalsá skoðuð nánar en áður hefur verið gert.

## 2. Aðferðir

### 2.1. Talningar á laxgengd

Laxakistu var komið fyrir í Flókadalsá ofan Lambafoss þann 19. júlí. Gerð laxakistunnar hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson 1998). Breytt var um stað frá 1998, en áin var straumhörð og botn ósléttur á fyrri stað. Valin var staður nokkru ofar þar sem áin breiðir vel úr sér og er því fremur grunn ( 1. mynd). Ekki var

unnt að loka ánni þann 19. júlí þar sem ekki var nægilegt magn af einingum til að þvergirða ána. Talning hófst því ekki fyrr en 28. júlí. Eftirlit með gildrunni annaðist Þórdís Sigurbjörnsdóttir, sem skráði fjölda laxa, vatnshita og lofthita í vitjunum. Rekstur gildrunnar gekk að óskum og engin vandamál komu upp við rekstur gildrunnar.



1. mynd. Laxateljari í Flókadalsá sumarið 1999.


## 2.2. Seiðarannsóknir

Rannsóknir á útbreiðslu, þéttleika og vexti laxfiska fór fram þann 27. ágúst 1999. Veitt var á 6. stöðum ofan Lambafoss, þar af þrem stöðum í Flókadalsá ofan ármóta Engjadalsár og þrem stöðum í Engjadalsá (2. mynd). Á hverjum stað var veitt ákveðið flatarmál árbots. Öll seiði sem veiddust voru greind til tegundar, lengdarmæld og þyngdarmælingar teknar af hluta aflans. Hreistur og kvarnir voru teknar af hluta aflans til aldursgreininga. Við úrvinnslu á þéttleika var fjöldi seiða í hverjum aldurshóp umreiknaður á  $100 \text{ m}^2$ , en þessa aðferð má nefna vísitölumælinga á þéttleika þar sem ekki er metinn heildarseiðafjöldi á hverjum veiðistað. Meðallengdir seiða voru reiknaðar eftir aldri eftir veiðistöðum og fyrir öll sýnin í heild. Þá var jafnan:  $\log \text{þyngd gr} = -2,04 + 3,135 * \log \text{lengd (cm)}$  notuð til að

umreikna meðallengdir seiða yfir í meðalþyngd seiða í gr og síðan var heildar lífmassi (gr) reiknaður á hverjum veiðistað á hverja 100 m<sup>2</sup> reiknaður með því margfalda saman fjölda seiða og meðalþyngd í hverjum aldurshóp.

### 2.3. Skoðun á búsvæðum

Flókadalsá var skoðuð m.t.t. hrygningar – og uppeldisskilyrða að ármótum Flókadalsár og Sandfellskvísla (2. mynd), en svæðið frá Drangi að Sandfellskvíslum hafði ekki verið skoðað fyrr. Þá var Engjádalsá skoðuð frá efsta fossi að ármótum við Flókadalsá skoðað í sama tilgangi. Nákvæmt mat á búsvæðum fór þó ekki fram.



2. mynd. Kort af vatnasvæði Flókadalsár ofan Lambafoss.

## 3. Niðurstöður

### 3.1. Talning á laxgengd árið 1999.

Fyrstu laxarnir komu í gildruna þann 30. júlí. Frá 28. júlí þar til talningu lauk þann 11. september hafa alls gengið 26 laxar í gildruna, en flestir laxarnir gengu

fyrstu tvær vikurnar sem gildran var starfrækt. Laxagangan upp fyrir Lambafoss reyndist mun fyrir á ferðinni en árið 1998, en yfirleitt virðist fiskur ganga þegar vatn í ánni er fremur lítið og hitastig hátt. Í byrjun september gengu þó laxar í gildruna þegar þessi skilyrði voru ekki fyrir hendi. Skrá um vitjanir og hitastig árinna kemur nánar fram í Viðauka I.

Veruleg aukning varð á laxgengd upp fyrir Lambafoss frá árinu 1998, en þá komu fjórir laxar í gildruna.

### 3.2. Búsvæði ofan Lambafoss

Flókadalsá neðan ármóta Engjadalsár (2. mynd) er um 1,5 km að lengd. Áin er víða 20 – 25 m að breidd á þessu svæði. Frá Lambafossi og ca. 500 m upp ána er kafli þar sem klöpp er mjög áberandi í ánni og víða eru smáflúðir eða litlir fossar í ánni. Nokkuð er um grjótbott, en víðast er grunnt niður á klöppina. Uppeldisskilyrði fyrir seiði laxfiska eru því fremur slök þar sem klöppin er áberandi. Nokkrir góðir klapparhylir eru á þessu svæði og því vænlegir veiðistaðir.

Næsta svæði nær að ármótum Engjadalsár og er það kafli sem er um 1 km að lengd. Þar verður áin mun grýttari og botngerð og straumlag býður upp á góð skilyrði til seiðauppeldis.

Næsta svæði nær frá ármótum við Engjadalsá að Drangsfossi. Þetta svæði er um 1 km að lengd og er áin um 20 m að meðalbreidd. Botngerð einkennist af smágrýti og stórgrýti, en einnig er nokkuð um mól. Bakkar eru fastir og órofnir. Botngrjót er nokkuð núið. Almennt hefur þetta svæði góð skilyrði til seiðauppeldis.

Frá Drangsfossi að Kaldalæk rennur Flóka að mestu á klapparbotni. Þar vantar allt skjól fyrir seiðauppeldi og áin hefur því mjög slök skilyrði til seiðauppeldis. Þessi kafli er um 500 m að lengd.

Fyrir ofan Kaldalæk breytir áin aftur um svip og rennur á ný á grýttum eyrum. Bakkar eru grónir og órofnir. Áin var skoðuð að ármótum við Sandfellskvísl. Þessi kafli er áætlaður um 1 km að lengd og meðalbreidd er um 20 m. Á þessu svæði eru ákjósanleg skilyrði til hrygningar og seiðauppeldis. Áætlað var að um 2/3 vatnsmagns Flókadalsár neðan ármóta kæmi úr Flókadalsá en um 1/3 úr Sandfellskvísl. Hitastig Flókadalsár ofan ármóta reyndist 7,4°C, en Sandfellskvíslin var nokkuð hlýrri á sama tíma eða 9,0°C. Árnar voru ekki skoðaðar lengra en neðstu hlutar Flókadalsár og Sandfellskvíslar höfðu báðir góð skilyrði til seiðauppeldis svo

langt sem séð varð. Frá Lambafossi að ármótum Flókadalsár og sandfellskvíslar liggur áin í 120 – 200 m hæð yfir sjávarmáli.

Engjadalsá var skoðuð frá ármótum og upp að efsta fossi, en á þessari leið er margir litlir fossar sem yfirleitt eru um 2 – 3 m að hæð og virðast flestir fiskgengir (3. mynd). Þessi kafli Engjadalsár er ca 4 km að lengd og breidd árinna er víða 8 – 10 m. Allur þessi kafli er sambland af smágrýti og stórgrýti og einnig er nokkuð um mól. Bakkar eru yfirleitt fastir og órofnir. Mjög góð skilyrði eru til seiðauppeldis á þeim kafla Engjadalsár er skoðaður var. Engjadalsár var nokkuð hlýrri en Flókadalsá og Sandfellskvísl á svipuðum tíma eða 10,1°C. Engjadalsá frá ármótum að efsta fossi liggur í 140 – 220 m hæð yfir sjávarmáli.

### 3.3. Seiðarannsóknir

#### 3.3.1. Útbreiðsla

Þéttleiki laxfiskaseiða var kannaður á sex veiðistöðum (2. mynd). Í Flókadalsá var veitt á þremur stöðum ofan ármóta Engjadalsár. Laxaseiði fundust á veiðistöðum neðan við Drang (tafla 1), en ekki ofan Drangs. Urriðaseiði fundust á öllum veiðistöðum (tafla 2). Landnám laxaseiða ofan við Lambafoss virðist því ná að Drangsfossi, en lax virðist ekki hafa náð að hrygna ofan Drangsfoss. Í Engjadalsá var veitt á þremur veiðistöðum. Laxaseiði fundust á tveimur veiðistöðum sem báðir voru á neðsta hluta árinna neðan við fyrsta fossinn í ánni, en fundust ekki ofan við fyrsta fossinn. Því virðist landnám laxa í Engjadalsá ná að fyrstu hindrun í ánni.

Tafla 1. Visitala seiðaþéttleika (fjöldi í einni umferð á 100 m<sup>2</sup>) laxfiskaseiða á veiðistöðum ofan Lambafoss í Flókadalsá 27. ágúst 1999.

Veiðistaður	Svæði m <sup>2</sup>	Lax				Urriði
		0+	1+	2+	Alls	Alls
Flókadalsá 1	385	0,0	17,9	1,3	19,2	2,1
Flókadalsá 2	230	0,0	0,0	0,9	0,9	2,6
Flókadalsá 3	360	0,0	0,0	0,0	0,0	2,2
Engjadalsá 4	473	0,0	1,7	1,3	3,0	4,4
Engjadalsá 5	252	0,0	5,2	1,2	6,4	1,6
Engjadalsá 6	450	0,0	0,0	0,0	0,0	0,4
Meðaltal fiskgengt		0,0	6,2	1,2	7,4	2,7
Meðaltal ófiskgengt		0,0	0,0	0,0	0,0	1,3

### 3.3.2. Vísitala seiðabéttleika

Fjöldi laxaseiða neðan hindrana var að meðaltali 7,4 seiði/100 m<sup>2</sup>, og voru laxaseiðin ríkjandi tegund, en á sömu stöðum veiddust að meðaltali 2,7 urriðaseiði/100 m<sup>2</sup> (tafla 1). Ekkert klak úr hrygningu laxa haustið 1998 fannst á veiðistöðum, en töluvert seiðamagn fannst úr hrygningu 1997 (seiði á öðru ári) og ennfremur úr hrygningu 1996 (seiði á þriðja ári) (tafla 1). Mestur fjöldi laxaseiða veiddist í Flókadalsá ofan ármóta Engjadalsár (tafla 1). Fjöldi laxaseiða jókst frá árinu 1998, en þá veiddust að meðaltali 4,4 seiði á 100 m<sup>2</sup> (Sigurður Már Einarsson 1998), en fjöldi urriðaseiða var nokkru minni en þá mældist.

### 3.3.3. Vöxtur og lífþyngd

Vöxtur laxaseiða var góður á veiðistöðum og virðast seiði ná flest gönguproska eftir þriggja ára ferskvatnsdvöl. Seiði á öðru ári voru að meðaltali 7,8 sm að lengd og seiði á öðru ári að meðaltali 11,9 sm (tafla 2). Vöxtur var nokkuð áþekkur eftir veiðistöðum, en seiðavöxtur virðist þó ívið betri í Engjadalsá, en Flókadalsá (tafla 2). Vöxtur laxaseiða var ívið lakari en mældist á svipuðum tíma í ágúst 1998 (Sigurður Már Einarsson 1998).

Tafla 2. Vöxtur laxaseiða (sm) eftir aldri og veiðistöðum í Flókadalsá ofan Lambafoss þann 27. ágúst 1999.

Veiðistaður	0+		1+		2+	
	Ml	n	Ml	n	Ml	n
Flókadalsá 1			7,6	69	11,6	5
Flókadalsá 2					12,0	2
Engjadalsá 4			8,4	8	12,1	6
Engjadalsá 5			8,5	13	12,0	3
Allar stöðvar			7,8	90	11,9	16

Samanlögð lífþyngd allra árganga laxaseiða sveiflaðist frá 19,9 – 120,6 gr/100 m<sup>2</sup> eftir veiðistöðum en var að meðaltali 61,9 gr/100 m<sup>2</sup>. Á sama tíma árið 1998 var lífþyngdin að meðaltali 20 gr/100 m<sup>2</sup> (Sigurður Már Einarsson 1998) og hefur lífþyngd seiða á flatareiningu því liðlega þrefaldast á milli ára.



Tafla 3. Vísitala lífþyngdar (gr/100 m<sup>2</sup>) laxaseiða í Flókadalsá og Engjadalsá ofan Lambafoss 27. ágúst 1999.

Veiðistaður	Lífþyngd (gr/100 m <sup>2</sup> )			
	0+	1+	2+	Alls
Flókadalsá 1	0,0	94,9	25,7	120,6
Flókadalsá 2	0,0		19,9	19,9
Engjadalsá 4	0,0	12,2	29,4	41,6
Engjadalsá 5	0,0	39,0	26,5	65,5
Meðaltal	0,0	36,5	25,4	61,9



3. mynd. Efsti fossinn í Engjadalsá

## 4. Umræður

Laxgengd upp fyrir Lambafoss jókst verulega árið 1999 miðað við talningu sumarið 1998. Líklegt er að gangan árið 1999 hafi verið meiri í reynd en talningin sýndi. Það byggir á því að lax gekk mikið í gildruna fyrstu dagana eftir að gildran var tengd og því er líklegt að lax hafi gengið í einhverjum mæli áður en starfræksla gildrunnar hófst. Í framtíðinni er nauðsynlegt að hefja talningu fyrr en gert hefur verið, ekki síðar en í byrjun júlí, þannig að öruggt sé að heildartalning náist. Flestir laxanna gengu þegar vatn var lítið í ánni og hitastig árinna hátt og er líklegt að fiskvegurinn við Lambafoss virki aðeins þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi. Það er álit skýrsluhöfundar að fiskvegurinn sé mjög veruleg hindrun fyrir lax og nauðsynlegt sé að gera umbætur á farveginum til að tryggja að hann verði ætíð fær. Ef slíkt er ekki gert, er mikil hættu á því að enginn eða fáir laxar nái að ganga í sumum árum t.d. í miklum vatnsárum eða köldum sumrum. Slíkt myndi valda verulegum sveiflum í seiðaframleiðslu og jafnframt geta leitt til þess að landnám laxa ofan Lambafossi gangi hægar en ella. Sérfræðiúttekt á fiskveginum fór fram haustið 1999, en tillögur um úrbætur liggja enn ekki fyrir.

Ljóst er að landnám laxa ofan Lambafoss er að aukast. Efri mörk seiðaútbreiðslu eru við Drangsfoss í Flókadalsá og neðan við fyrsta fossinn í Engjadalsá. Báðir þessir fossar virðast fiskgengir, þannig að líklegt er að útbreiðslusvæðið stækki enn frekar á næstu árum. Fyrri reynsla af landnámi lax í öðrum vatnakerfum bendir til að landnám laxa eftir opnun fiskvega geti gengið fremur hægt (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996). Unnt er að auka hraðann á landnámi með flutningi hrygningarlax upp á efsta svæðið eða seiðasleppingum, t.d. sleppingum sumaralínna seiða. Slíkt hefur þann ókost að mun erfiðara verður að fylgjast með náttúrulegri seiðaframleiðslu á svæðinu. Vegna landnámsins er mjög áriðandi að fiskvegurinn við Lambafoss verði ekki hindrun fyrir göngu laxa fram á efsta svæði árinna.

Seiðaframleiðsla ofan Lambafoss er að aukast samkvæmt mælingum á seiðapétteleika. Búsvæðin ofan fossins eru þó enn vannýtt, enda er landnám enn að eiga sér stað. Stærð búsvæða sem laxaseiði hafa þegar fundist á er ekki nákvæmlega þekkt, en lauslega má áætla þau á milli 60.000 – 70.000 m<sup>2</sup>. Þess má geta að kanadískar rannsóknir (Anon 1997) gera ráð fyrir að það þurfi að jafnaði 2,4 hrogn á hvern fermetra árbotns til að fullnýta framleiðslugetu búsvæða, eða á bilinu 144.000 –

168.00 hrogn á ári fyrir það svæði sem þegar er að nýtt að einhverju leyti ofan við Lambafoss. Árið 1999 hafa a.m.k. 13 hrygnur gengið upp fyrir Lambafoss og er líklegt að hrognafjöldi úr þeim sé á bilinu 70.000 – 80.000 hrogn. Því benda allt til að mun meira af laxi þurfi að ganga upp á svæðið til að nýta þau búsvæði, sem lax hefur þegar fundist á, og enn meira ef landnám tekst ofan fyrrnefndra svæða.

Ljóst er að framleiðslugeta búsvæða ofan Lambafoss er mikil. Hér verður hins vegar ekki gerð tilraun til að meta hana, en til þess skortir meiri upplýsingar. Til að slíkt sé unnt þarf að gera nákvæmt mat á búsvæðum ofan Lambafoss og einnig væri æskilegt að “fiskgengi” hluti árinna frá ármótum Hvítár að Lambafossi væri metinn á sama hátt.

Á næsta ári er mælt með því að markvissar rannsóknir haldi áfram ofan við Lambafoss. Mikilvægt er að talning á laxi haldi áfram og að gildra sé niðri frá 1. júlí til 15. september. Mælt er með því að settur vatnshiti verði skráður með siritandi hitamæli og vatnshæð verði skráð í ánni í hverri vitjun.

Tekin verði afstaða til hugsanlegra lagfæringa á fiskveginum við Lambafoss í kjölfar sérfræðiúttektar á fiskveginum.

Gert verði mat á búsvæðum í öllu vatnakerfinu, þannig að unnt sé að meta ávinning af nýju landnámi laxins fyrir vatnakerfið í heild.

Haldið verði áfram að fylgjast með landnámi laxins, útbreiðslu og seiðamagni ofan við Lambafoss.

## 5. Heimildaskrá

Anon 1997. Report of the working group on North Atlantic salmon. 7 – 16. apríl. ICES. C.M., Assess 10 Ref.M.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996. Fiskar í ám og vötnum. Landvernd 1996. 191 bls.

Sigurður Már Einarsson 1992. Athugun á fiskvegi í Lambafossi. veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/92007X. 4 bls.

Sigurður Már Einarsson 1995. Landnám lax ofan Lambafoss í Flókadalsá. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/95009X. 5 bls.

Sigurður Már Einarsson 1997a. Landnám lax í Flókadalsá. Rannsóknir 1997. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/97010X. 4 bls.

Sigurður Már Einarsson 1997b. Flókadalsá í Borgarfirði. Fiskirannsóknir 1997. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/97009X. 9 bls.

Sigurður Már Einarsson 1998. Flókadalsá ofan Lambafoss Rannsóknir 1998. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/98015X. 7 bls.

Þórir Dan Jónsson 1983. Fiskifræðilegar rannsóknir í Flóku 1981 og 1982. Veiðimálastofnum. Skýrsla. VMST-V. 5 bls.

Viðauki 1. Skráning á fjölda laxa og hitastigi í vitjunum á laxagildru 1999.

Dagss	Fjöldi	Lofthiti	Vatnshiti	Athugasemdir
28.júl	0			Gildra sett í samband
29.júl	0			Ekki vitjað
30.júl	3	19		Logn, Skýjað
31.júl	3	15		Logn, Skýjað
1.ágú	1	15		Logn, Skýjað
2.ágú	0	13		Hæg norðlæg átt, sólskin
3.ágú	0	16	11	Hæg norðlæg átt, sólskin
4.ágú	4	15	18	Hæg, breytileg átt. Sólskin
5.ágú	6	20	19	Vestan gola, sólfar.
6.ágú	3			Vestan gola, sólfar og hiti
7.ágú	0	15	16	Hæg breytileg átt, léttskýjað
8.ágú	0	13	13	Hæg norðlæg átt, skýjað
9.ágú	0	11	11	Sunnanátt, skúrir, kveikja
10.ágú	0	15		Logn, skúrir
11.ágú	0	10	10	Logn, skýjað með köflum
12.ágú	0	11		Hægviðri, skúrir
13.ágú				Ekki vitjað
14.ágú	1	10	10	Norðangola, hálfskýjað. Minnkandi vatn
15.ágú	1	10	9	Logn, skýjað
16.ágú	0	12	10	Norðangola, sólskin
17.ágú	1	10		Norðanstinningskaldi, sól.
18.ágú	0	6	6	Logn, sólskin.
19.ágú	0	8	8	Hæg suðvestlæg átt, hálfskýjað
20.ágú	0	8	9	Suðvestlæg átt, súld með köflum
21.ágú	0	10		Suðaustan, rigning
22.ágú	0			Ekki vitjað
23.ágú	0	10	10	Sunnankaldi. Skýjað og súld með köflum
24.ágú	0			Ekki vitjað
25.ágú	0	13	9	Sunnanátt, súld með köflum
26.ágú	0			Ekki vitjað
27.ágú	0			Ekki vitjað
28.ágú	0	10	9	Sunnanátt, skúrir
29.ágú	0			Ekki vitjað
30.ágú	0	8	7	Suðaustan gola, hálfskýjað, kveikja
31.ágú	0			Ekki vitjað
1.sep	1	7	8	Sunnanátt, skúrir, vöxtur í ánni
2.sep	0	7	6	Sunnangola, sól og skúrir. Flóð. Iltur
3.sep	1	5	7	Suðaustankaldi, skúrir, flóð, tært vatn
4.sep	0	9	7	Suðaustan stinningskaldi, smáskúrir
5.sep	0	6	6	Suðaustan gola, hálfskýjað, minnkandi vatn
6.sep	1	5,5	5,5	Austankul. Skýjað, vatn í rénun
7.sep	0	5	6	Norðangola, sólskin
8.sep	0	10	10	Norðanátt. Skýjað með köflum
9.sep	0			Ekki vitjað
10.sep	0	1	3	Norðanstormur, fúlviðri
11.sep				Gildra tekin upp